

13. febrúar 2026



Ungmennastefna Íslands 2026-2033

Áformaskjal um fyrirhugaða stefnu

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Inngangur

- Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 kemur fram það áherslumál að mótuð verði ungmennastefna.
- Lengi hefur verið kallað eftir heildstæðri stefnu í málefnum ungmenna hér á landi en um er að ræða fyrstu ungmennastefnu Íslands.
- Stefnunni er ætlað að ná utan um þau málefni stjórnvalda sem snúa að ungmendum á aldrinum 13-30 ára. Á þessum árum eru börn og ungmenni að auka sjálfstæði sitt, stíga sín fyrstu skref inn í fullorðinsárin og enda sem fullorðnir og virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.
- Ungmennastefnu er m.a. ætlað að beina sviðsljósinu að stöðu ungmenna í landinu, kortleggja stefnu stjórnvalda og tryggja raunverulega þátttöku ungmenna í stefnumótun.



Af hverju ungmennastefna?

- **Samfélagsleg þörf:** Á undanförunum árum hefur komið skýrt fram í gögnum, rannsóknum og ábendingum ungmenna að skortur er á heildstæðri sýn og stefnu í málefnum ungmenna.
- **Alþjóðlegt samstarf:** Ísland hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um réttindi barna og málefni ungmenna sem leggur áherslu á þátttöku og aðgengi að tækifærum.
- **Jafnrétti og réttlæti:** Ungmennastefna stuðlar að jöfnum tækifærum óháð uppruna, kyni, fötlun eða búsetu.
- **Efnahagsleg og lýðræðisleg áhrif:** Samfélög sem fjárfesta í ungmennum byggja aukna farsæld, aukið traust og sterkari samfélagslega samheldni.



Tímalína

Febrúar – mars 2026

Samráð við hagaðila

Apríl – júní 2026

Stýrihópur stjórnvalda tekur saman niðurstöður samráðs og leggur drög að ungmennastefnu

Sumar 2026

Drög að ungmennastefnu sett í samráðsgátt stjórnvalda

Haust 2026

Ungmennastefna lögð fyrir Alþingi



Markmið með samráði

- Markmið samráðsins er að hvetja ungmenni til að ræða hvaða málefni skipta þau mestu máli og tryggja þannig að þeirra rödd fái raunverulegt vægi í fyrstu ungmennastefnu Íslands.
- Leitast er eftir því að fá fram sem flest sjónarmið er varða málefni ungmenna, bæði frá þeim sjálfum, hagaðilum og öðrum.
- Það sem fram kemur í samráði þessu verður nýtt til áframhaldandi mótunar ungmennastefnu.



Hvað á ungmenntastefna að ávarpa?

| Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Málefnaflokkar

Réttindi og virk þátttaka ungmenna í samfélaginu

Ungmennni eiga rétt á því að láta í sér heyra og hafa raunveruleg áhrif á ákvarðanir sem snerta líf þess. Virk þátttaka í skóla, frístundum, nærumhverfi og í stefnumótun styrkir lýðræði, eykur traust og hjálpar samfélaginu að taka betri ákvarðanir. Mikilvægt er að skapa örugg og aðgengileg rými fyrir samtal, að hlusta af alvöru og sýna í verki að hugmyndir ungmenna skipti máli. Til að þátttaka verði raunverulega inngildandi þarf sérstaklega að tryggja að raddir minnihlutahópa og ungmenna í jaðarsettri stöðu fái jafnan aðgang að tækifærum, upplýsingum og áhrifaleiðum.

- Hvað eru stjórnvöld að gera vel til að tryggja að rödd ungmenna heyrist um málefni sem varða þau?
- Hvað geta stjórnvöld gert betur í málaflokknum?





Menntakerfið

Öflugt menntakerfi er ein sterkasta stoð samfélagsins og hefur bein áhrif á lífsgæði, tækifæri og framtíð ungmenna. Skólinn á að vera staður þar sem ungmennti fá að læra á eigin forsendum, vaxa í styrkleikum sínum og fá stuðning þegar á reynir, bæði námslega og félagslega. Mikilvægt er að framboð á námi sé fjölbreytt og að rödd ungs fólks fái raunverulegt vægi í þróun skólastarfs.

- Hvað eru stjórnvöld að gera vel til að tryggja framboð á fjölbreyttu námi og stuðningi við ungmennti?
- Hvað geta stjórnvöld gert betur í málaflokknum?



Íþróttir, tómstunda- og félagsstarf, menning og listir

Íþróttir, tómstunda- og félagsstarf, menning og listir eru lykill að því að ungmenni fái tækifæri til að þroskast, tilheyra, byggja upp sjálfstraust og njóta lífsins. Öflugt og fjölbreytt framboð skapar rými fyrir vináttu, færni, sköpun og heilbrigðan lífsstíl og getur líka verið mikilvægur stuðningur þegar á reynir. Þátttaka í sjálfboðaliðastarfi, svo sem í björgunarsveitum, mannúðar- og æskulýðsfélögum, styrkir samfélagsvitund, ábyrgðarkennd og leiðtogafærni ungs fólks. Mikilvægt er að aðgengi sé gott, umhverfið sé öruggt og hvetjandi og að ungmenni geti tekið þátt óháð aðstæðum, búsetu eða bakgrunni.

- Hvað eru stjórnvöld að gera vel til að bjóða ungmendum aðgengi að íþróttum, tómstunda-, félags-, lista- og menningarstarfi?
- Hvað geta stjórnvöld gert betur í málaflokknum?



Heilbrigðiskerfi, heilsa, vellíðan, velferð og öryggi

Góð heilsa, vellíðan, velferð og öryggi eru grunnur að því að ungmenni geti notið lífsins og tekið virkan þátt í samfélaginu. Þjónusta þarf að vera aðgengileg, einstaklingsmiðuð, samfelld og styðja við líkamlega og andlega heilsu. Mikilvægt er að viðeigandi úrræði og meðferð standi til boða þegar þörf er á ásamt snemmtækum stuðningi.

- Hvað eru stjórnvöld að gera vel til að styðja við heilbrigt líferni og heilsu ungmenna?
- Hvað geta stjórnvöld gert betur í málaflokknum?

Atvinna og tækifæri

Öflugt atvinnulíf skapar ungmennum sjálfstæði og framtíðarmöguleika. Mikilvægt er að ungmenni hafi raunhæfar leiðir inn á vinnumarkaðinn, þau upplifi öryggi og fái stuðning í fyrstu skrefunum. Í því felst m.a. að fá tækifæri til að prófa sig áfram í störfum, starfsnámi eða nýsköpun.

- Hvað eru stjórnvöld að gera vel til að styðja við fjölbreytt atvinnutækifæri og nýsköpun?
- Hvað geta stjórnvöld gert betur í málaflokknum?





Að eignast heimili og barneignir

Öryggi í húsnæðismálum og möguleiki á að eignast börn hefur mikil áhrif á lífsgæði og framtíðaráætlanir ungmenna. Mikilvægt er að ungmenni geti séð sér fært að eignast heimili og taka ákvarðanir um barneignir án fjárhagslegrar óvissu. Stuðningur og skýrar lausnir í húsnæðismálum, fæðingarorlofi og þjónustu við foreldra og börn skipir höfuðmáli, svo ungmenni geti byggt upp stöðugt líf og framtíð á Íslandi.

- Hvað eru stjórnvöld að gera vel til að styðja við ungmenni til að stofna fjölskyldu og eignast heimili?
- Hvað geta stjórnvöld gert betur í málaflokknum?



Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf opnar ungmennum dyr að nýrri þekkingu, reynslu og tækifærum í námi, starfi og sjálfbóðaliðaverkefnum. Slík þátttaka styrkir færni, sjálfstraust, víðsýni og eykur möguleika ungmenna á að hafa áhrif og taka virkan þátt, bæði hérlandis og á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að ungmenni á Íslandi hafi góðan stuðning og skýrar leiðir til að nýta slík tækifæri og byggja tengsl sem nýtast til framtíðar.

- Hvað eru stjórnvöld að gera vel til þess að hvetja ungmenni til þátttöku í alþjóðasamstarfi?
- Hvað geta stjórnvöld gert betur í málaflokknum?